

Reykjavík, 5. júlí 2019

### Efni: Áform um breytingar á fyrirkomulagi prófs í verðbréfavíðskiptum (Mál nr. S-139/2019)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um áform um breytingar á fyrirkomulagi prófs í verðbréfavíðskiptum (mál nr. S-139/2019). Viðskiptaráð telur jákvætt að stefnt sé að því að prófsefni verði stytta og gert hnitmiðaðra en taka að öðru leyti undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um málið.

Viðskiptaráð tekur þannig undir áhyggjur samtakanna af því að í fyrirhuguðum breytingunum gæti falist upptaka séríslenskra regla með tilheyrandi samkeppnisfjötrum á íslensk fyrirtæki. Í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs segir meðal annars um þennan ósið:

„Forsætisráðuneytið framkvæmdi úttekt í október 2016 á áhrifum lagabreytinga undangengið kjörtímabil á regluverk atvinnulífsins. Kannað var hvernig stjórnvöldum tókst til við að ná markmiði sínu um að einfalda og auka skilvirkni regluverks. Í úttektinni kom fram að íslensk stjórnvöld ákváðu í þriðjungi tilfella að innleiða EES-reglur með meira íþyngjandi hætti en þörf var á til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Þrjú ár eru liðin frá því úttektin var gerð og þrátt fyrir ætlan stjórnvalda að bæta úr þessari stöðu er enn að finna fjöldamörg dæmi á síðustu tveimur árum um að innleiðing EES-reglna fari fram með óþarflega íþyngjandi hætti. Stjórnvöld nýta þannig ekki þær undanþágur sem eru í boði í viðeigandi tilskipunum og reglugerðum atvinnulífinu til hagsbóta. Þetta hefur Viðskiptaráð Íslands ítrekað bent á í umsögnum sínum um lög og þingsályktanir.“<sup>1</sup>

Tilvitnaða skýrslu forsætisráðuneytisins er að finna í skoðun ráðsins. Síðar í sömu útgáfu segir einnig:

„Hvað er þá til ráða? Stærsta tækifærið til úrbóta felst í að vinda ofan af þeirri hvímléiðu hefð að innleiða EES regluverk með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Að mati Viðskiptaráðs ætti að nýta þær heimildir til undanþágu frá reglugerðum ESB til að tryggja að tilskipanir og reglugerðir EES-samningsins séu innleiddar með sem minnst íþyngjandi hætti. Þá ætti að forðast að innleiða séríslensk ákvæði sem leggja meira íþyngjandi skyldur á íslensk fyrirtæki heldur en fyrirtæki í nágrannalöndunum búa við, en því oftast sem slíkt er gert því lakari verður samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.


Sem dæmi um þetta má nefna að íslensk stjórnvöld nýttu ekki það svigrúm sem reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd (GDPR) heimilaði til setningu ívilnandi undanþáguheimilda fyrir atvinnulífið, líkt og okkar nágrannalönd gerðu. Slíkt veldur því að íslensk fyrirtæki bera meiri kostnað af regluverkinu heldur en fyrirtæki í okkar nágrannalöndum. Að sama skapi virðist ekki aðeins tilhneiging til þess að nýta ekki slíkar heimildir, heldur á sama tíma bæta inn séríslenskum íþyngjandi ákvæðum. Dæmi um þetta er

<sup>1</sup> Gömul vísa en ekki of oft kveðin: Regluverk á Íslandi er of íþyngjandi:  
<https://medium.com/@vidskiptarad/einfoldun-regluverks-3a59782271a1>

til að mynda hinn svokallaði „hnappur“ í lögum um ársreikninga. Hnappurinn gefur þeim fyrirtækjum sem falla undir skilgreiningu örfélaga kost á að skila gögnum til Ríkisskattstjóra með einföldum hætti. Við innleiðingu var ákveðið að miða við að íslensk örfyrirtæki séu fyrirtæki með 3 starfsmenn eða færri, en í flestum öðrum ríkjum er miðað við 10 starfsmenn eða færri. Þannig hefur löggjafinn útbúið séríslensk viðmið sem eiga við um íslensk fyrirtæki, þrátt fyrir þá staðreynd að á Íslandi er jafn flókið að reka 10 manna fyrirtæki og úti annars staðar á EES svæðinu. Ekki er að finna haldbæra skýringu á þessum séríslensku örmörkum í greinargerð með frumvarpi laganna. Með slíkum séríslenskum viðmiðum er samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja skert.“

Viðskiptaráð hvetur því starfsmenn ráðuneytisins til að tryggja að ekki verði gengið lengra en nauðsyn krefur við lagasetninguna til að ná því markmiði sem stefnt er að og að tryggt verði að ekki verði með breytingunum bætt að óþörfu við flóru séríslenskra reglna með tilheyrandi skerðingu á samkeppnishæfni.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands